

Hafnarfjörður

Maí 2022

Uppfærsla á *Lestur er lífsins leikur* 2022

Kynning í Fræðsluráði Hafnarfjarðar

Bjartey Sigurðardóttir verkefnisstjóri *Lestur er lífsins leikur*



Hafnarfjörður

Hvers vegna að uppfæra *Lestur er lífsins leikur?*

- LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR er víðfeðm stefnumótun, sem er allt í senn; stefna, verklag, viðmið og leiðbeiningar til foreldra og starfsfólk skóla.
- **LLL er lifandi plagg** þar sem breytingar geta orðið í kjölfar:
 - nýrrar þekkingar á sviði læsis.
 - breytinga á áherslum og viðmiðum um árangur frá fræðsluyfirvöldum.
- Umræddar breytingar á *LLL* snúa að því að;
 - gera próf og skimanir skilvirkari.
 - að bæta inn nýjum atriðum sem styðja við skóla og foreldra í að efla málþroska barna.
- Auk þessa er verið að skoða aðferðir við mat á lestri, einkum lestri barna með lestrarvanda.



Breytingar sem snúa að leikskólanum

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur



Hafnarfjörður

Málproskalistinn Orðaskil – viðbót

- **Orðaskil** verði lagt fyrir tveggja ára börn í leikskólum Hafnarfjarðar.
- **Markmið:** Að ná fyrir til barna sem sýna merki um slakan orðaforða svo hægt sé að grípa sem fyrst til aðgerða, veita börnunum markvissan stuðnings og ráðgjöf til foreldra.
- Hvers vegna að mæla orðaforða ungra barna? – Ein mikilvægasta forsenda góðs lesskilnings síðar á ævinni.
- Sama verklag verði viðhaft í kjölfar fyrirlagnar og þegar *Orðaskil* er lagt fyrir þriggja ára börn þ.e. ef barn kemur út í áhættuhópi vegna veikleika í orðaforða fari eftirfarandi ferli í gang:
 - Varða 1 virkjuð í a.m.k. þrjá mánuði (íhlutun í leikskóla og ráðgjöf til foreldra.)
 - Eftir þrjá mánuði er árangur af íhlutun metinn.
 - Ef ekki næst viðunandi árangur með íhlutun skal máli vísað til samráðsþeymis og þaðan yfir til brúarteymis.



Orðaskil – nánari upplýsingar

- Orðaskil sé lagt fyrir í mánuðinum sem barnið nær tveggja ára aldri:
 - Útfyllingarform/listi afhent af leikskóla
 - Foreldrar annast útfyllingu listans.
 - Ef um fjöltyngd börn er að ræða er skjalið fyllt út af deildarstjóra í samráði við foreldra.
 - Ef barn hefur dvalið minna en eitt ár í íslensku málumhverfi þá er listinn ekki lagður fyrir.
- Skil á gögnum frá skóla eru tvisvar á ári
 - Í byrjun júní.
 - Í lok desember.
- Nýta skal sömu listana fyrir börnin við tveggja og þriggja ára aldur:
 - Sama skjal, en merkt með mismunandi litum.
- **Áhersla skal vera á ráðgjöf til foreldra í kjölfar niðurstaðna!**



Hljóm-2 - breyting á íhlutunarviðmiði.

- Núverandi setning úr læsisplagginu falli út: *Barni sem mælist undir 10. hundraðsröð skal vísað til talmeinafræðings.*

Í staðinn komi eftirfarandi:

- *„Börn með mjög slaka og slaka útkomu fá markvissa þjálfun á hljóðkerfisvitund í leikskólanum.*
- *Börnum með mjög slaka útkomu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.*
- *Eftir seinni prófun: Ef nemendur með slaka útkomu mælast enn slakir eftir þjálfunarlotu skal vísað til talmeinafræðings til frekari greiningar.“*



Breytingar sem snúa að grunnskólanum

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur



Hafnarfjörður

Logos-skimanir – breytingar á viðmiðum

- Tilgangur þessarar breytingartillögu er að fækka þeim sem fara í skimunina með því að undanskilja þá sem ýmist eru komnir með dyslexíugreiningu eða hafa náð meðalfærni í lesfimi (lesfimiviðmið 2) skólaárið á undan.
- Núverandi viðmið hafa þótt of há, þ.e. of margir nemendur fara í skimun að óþörfu.
- Viðmiðum um þátttöku í *Logos-skimun* í 3., 6. og 8. bekk verði breytt á þann hátt að núverandi viðmið falli niður og í stað þess taki gildi eftirfarandi viðmið:
- „Undanþegnir í *Logos-skimun* í 3., 6. og 8. bekk eru:
 - Allir nemendur sem þegar hafa fengið dyslexíu-greiningu.
 - Allir þeir nemendur sem náðu lesfimiviðmið 2 (50% viðmið) við lok skólaársins á undan (lesfimipróf *Lesferils* í maí)“.



Logos skimanir – nýtt viðmið varðandi lesskilning

- Hugað sé betur að nemendum sem sýna slaka niðurstöðu í lesskilningi (15. hundraðsröð eða neðar), en eru með lesfimi innan viðmiðunarmarka (16. hundraðsröð eða ofar):
 - Ef slík niðurstaða kemur fram í skimuninni sé einnig lagt fyrir viðkomandi nemanda undirprófið *hugtakaskilningur*.
 - Ef nemandinn skorar í 15. hundraðsröð eða neðar í því undirprófi skal honum vísað í nánari greiningu til talmeinafræðings.
 - Undanskildir eru þó nemendur með annað móðurmál en íslensku og sem hafa búið skemur en þrjú ár á Íslandi.
- „Ef nemandi lendir í 15. hundraðsröð eða neðar í lesskilningi, en er með lesfimi innan viðmiðunarmarka (16. hundraðsröð eða ofar) þá sé einnig lagt fyrir viðkomandi nemanda undirprófið hugtakaskilningur.
- Ef nemandinn lendir í 15. hundraðsröð eða neðar í hugtakaskilningi sé honum vísað í nánari greiningu til talmeinafræðings. Undanskildir eru þó nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa búið skemur en þrjú ár á Íslandi. “



Orðanámskrá fyrir yngsta stig grunnskóla - grunnorðaforði

- *Orðanámskráin* er hugsuð fyrir kennara og starfsmenn skóla til notkunar meðal nemenda á yngsta kennslustigi (1.-4. bekk) og á frístundaheimilum.
- *Orðanámskráin* er í grunninn útbúin af Menntamálastofnun með leikskólastigið í huga, en hefur verið uppfærð og aðlöguð að yngsta stigi grunnskóla af sérfræðingum í skólakerfinu í Hafnarfirði.
- Tekur mið af *hæfniramma fyrir íslensku sem annað tungumál* í aðalnámskrá grunnskóla.
- *Orðanámskráin* er útgefin sem sérstakt plagg og er dreift til starfsfólks grunnskólanna á Læknum, innri vef bæjarstarfsmanna.
- Einnig eru í boði námskeið þar sem fjallað er um notkun *Orðanámskrárinnar*.



Takk fyrir



Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur



Hafnarfjörður

LOGOS skimanir – Til upplýsinga

- Greiningarprófið LOGOS hefur með góðum árangri verið notað sem skimunartæki þar sem skimað er fyrir lestrarerfiðleikum í heilum árgöngum.
- Í 3., 6. og 8. bekk eru skimaðir tveir þættir, leshraði (lesfimi) og lesskilningur.
- Nemendur með niðurstöður undir 30. hundraðsröð í leshraða eru jafnframt prófaðir í prófþáttunum;
 - *Lestur með hljóðaaðferð*
 - *Lestur út frá rithætti*
- Þessi þrjú undirpróf hafa mikla fylgni við heildarniðurstöðu prófsins, en þau koma bæði inn á umskráningu/lesfimi og lesskilning.
- Niðurstöður eru flokkaðar á eftirfarandi hátt:
 - Nemendur með hundraðstöluna 15 eða undir teljast með alvarlega erfiðleika.
 - Nemendur með hundraðstölu á bilinu frá 15-30 teljast með vægari erfiðleika.

